

L Ö G

65

1. des.

um breyting á lögum nr. 99 16. des. 1943, um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „kr. 50000.00“ í niðurlagi 2. gr. laganna komi: kr. 100000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. desember 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

Stjórnartíðindi 1944, A. 9.

L Ö G

66

28. des.

um breyting á og viðauka við lög nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, og um breyting á lögum nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsg. 1. gr. l. 36/1909 og 1. gr. l. 21/1936, sbr. 1. gr. l. 78/1941, orðist svo: Í Háskóla Íslands eru þessar 6 deildir: Guðfræðideild, læknadeild, laga- og hagfræðideild, heimspekideild, atvinnudeild og verkfræðideild.

2. gr.

3. málsg. 1. gr. l. 36/1909 orðist svo: Í laga og hagfræðideildinni eru 3 prófessorar í lögfræði og 2 dósentar í viðskiptafræðum.

3. gr.

Stofna skal tvö dósentsembætti við heimspekideild Háskóla Íslands í bókmenntum og sögu.

Ákvæði 1. gr. l. nr. 24 19. maí 1930, um háskólakennara, taka ekki til dósentsembætta þeirra, er stofnuð verða samkvæmt þessari grein.

4. gr.

Í verkfræðideild skulu vera 3 prófessorar.